

Reglur um lagnir í landi Múlaþings.

1. gr. Markmið

Markmið með reglum þessum er að Múlaþing skipuleggi landnotkun með það í huga að lágmarka færslu lagna og veitufyrirtækin skipuleggi lagnaleiðir sem liggja í bæjarlandinu með það sama í huga. Til að ná þessu markmiði skal umhverfis- og framkvæmdasvið hafa samráð við veitufyrirtæki þegar í upphafi skipulagsvinnu.

Markmið með reglum þessum er einnig að skýra hver ber kostnað við það ef færa þarf eða endurnýja lögn sem er í bæjarlandinu.

Reglurnar taka til lagna í einkaeign sem og lagna í eigu opinberra aðila.

2. gr. Skilgreiningar

Með orðinu lögn er átt við lögn eða leiðslu og hvers konar útbúnað sem þarf að koma fyrir vegna lagningar lagna, þ.e. lögnin sjálf og það sem tilheyrir því að koma henni fyrir, þ.m.t. skurðir stólpar og festingar vegna slíks útbúnaðar.

Reglurnar ná yfir loftlínur sem og jarðlagnir, hvort heldur um er að ræða búnað til að flytja kalt eða heitt vatn, regnvatn, skólþ, rafmagn, fjarskipti eða ídráttarrör fyrir lagnir.

Með opnum svæðum er átt við allt svæði innan þéttbýlismarka Múlaþings, utan skilgreindra lóða, hvort sem það eru leigulóðir, erfðafestulönd eða eignarlönd. Opin svæði eru m.a. götur, bílatorg, torg, stéttar, almenningsrými og óskipulögð svæði.

Með skilgreindum lóðum er átt við tilgreint svæði þar sem fyrir liggur deiliskipulag eða gefinn hefur verið út lóðarleigusamningur eða erfðafestusamningur.

Með eignarlandi er átt við tilgreint svæði sem er í einkaeign.

3. gr. Um framkvæmdarleyfi

Sá sem leggja þarf lögn skal sækja um framkvæmdarleyfi til Múlaþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á þar til gerðu umsóknareyðublaði, ásamt tilskildum gögnum sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Þurfi eigandi lagnar að viðhalda lögn sinni á legusvæði, skal hafa samráð við umhverfis- og framkvæmdasvið og tilkynna það jafnframt öðrum veitufyrirtækjum. Skipulagsfulltrúi hefur eftirlit með vinnu á framkvæmdarsvæði.

Þurfi eigandi lagnar að gera við lögn með engum fyrirvara skal tilkynna það rafrænt til umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Umhverfis- og framkvæmdasvið getur sett nánari skilyrði fyrir vinnu við lagnir og frágang, sbr. Leiðbeiningar samorku um skipulag jarðlagna í þéttbýli (<https://www.samorka.is/wp-content/uploads/2016/06/Skipulag-jar%C3%B0lagna.pdf>) vegna yfirborðsfrágangs í bæjarlandinu.

Eigandi lagnar sem fær framkvæmdarleyfi fyrir að leggja lögn í landi Múlaþings, hvort sem það er opið svæði, leigulóð, erfðafesta eða eignarland, er bundinn skilyrðum og kvöðum sem settar eru með framkvæmdarleyfinu.

4. gr. Samþykki vegna framkvæmdarleyfi

Sá sem leggja þarf lögn um land í einkaeigu, erfðafestu eða leigulóðir, skal leggja fram samþykki eða samning við þinglýstan eiganda eignarlands, erfðafestuhafa eða lóðarhafa þegar sótt er um framkvæmdarleyfi til Múlaþings.

5. gr. Kostnaður vegna lagna, þ.m.t. framkvæmdar, viðhalds og færslu

Eigandi lagnar, sem sótt hefur um og fengið framkvæmdarleyfi til að leggja lögn er ábyrgur fyrir öllum kostnaði við framkvæmdina.

Eigandi lagnar skal bera allan kostnað af viðhaldi lagnar.

Eigandi lagnar skal bera allan kostnað vegna færslu lagnar ef með þarf vegna deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga, sbr. þá meginreglu að lögn í þéttbýli sveitarfélags er gestur og er útsettur fyrir breytingum og bera að greiða fyrir breytinguna, sbr. þó í undantekningu í 6. gr.

6. gr. Undantekning vegna færslu lagna

Óski Múlaþing af skipulagsástæðum eða vegna annarra breyttra aðstæðna eftir því að lögn í eigu veitufyrirtækja sem sérstakur samningur hefur verið gerður um milli lagnafyrirtækis og Múlaþings eða framkvæmdarleyfi veitt fyrir lögn og er yngri en 7 ára skal Múlaþing greiða kostnað við færslu lagnarinnar.

Ef gera þarf breytingu á legu stofnlagna að beiðni Múlaþings, sem sýndar eru í aðalskipulagi, skal semja sérstaklega um kostnað vegna færslu þeirra.

Ávallt skal leita hagkvæmustu lausna bæði hvað varðar kostnað og tæknilega útfærslu.

Eignar- og leigulóðir: Sé til samningur eða kvöð er á lóð um staðsetningu lagnar og lóðarhafi óskar eftir breytingu á lögn eða kvöð ber lóðarhafa að greiða kostnað við flutning lagnarinnar samkvæmt samkomulagi við lagnafyrirtæki.